

Reykhólahreppur  
Maríutröð 5a  
380 Reykhólahreppur



Reykjavík 10. júní 2016  
UST201606-029/B.S.  
10.04.03

### Efni: Deiliskipulag - Tröllendi í Flatey. Umsögn

Vísað er til bréfs Reykhólahrepps dags. 1. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Deiliskipulagssvæðið nær til rúmlega 7.000 m<sup>2</sup> lóðar norðan frystihúss. Ýmist er verið að festa í sessi byggingar sem fyrir eru og skilgreina nýjar lóðir fyrir olíugeyma og starfsmannahús.

Umhverfisstofnun telur deiliskipulagið gott þar sem áhersla er lögð á að fella ný mannvirki sem best að landi og þeim mannvirkjum sem fyrir eru í eynni. Gert er ráð fyrir að minnka sýnileika olíugeyma og lögð verður áhersla á vandaðan frágang og mengunarvarnir. Einnig er gert ráð fyrir að kanna hvort unnt verði að flytja ljósavél inn í frystihúsið.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að í umræddu deiliskipulagi verði lögð sérstök áhersla á að vanda frágang og bæta ásýnd svæðisins. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við umrætt deiliskipulag en vill vekja athygli á því hvort ástæða sé til að vanda betur viðhald bygginga á hafnarsvæðinu í Flatey.

Virðingarfyllst

Björn Stefansson  
Sérfræðingur

Aðalbjörg Birna Gutormsdóttir  
Teymisstjóri